

Frumvarp til laga

um

sparisjóði.

(Lagt fyrir alþingi 1913).

1. gr.

Sparisjóðir hafa það markmið að taka við fje einstakra manna, geyma það og ávaxta á sem allra tryggastan hátt, svo sem nánar er fyrirskipað í lögum þessum.

Sparisjóði má ekki nefna aðrar stofnanir eður sjóði en þá, sem fullnægja ákvæðum laga þessara.

2. gr.

Þegar stofna á nýjan sparisjóð, ber að senda stjórnarráði Íslands lög sjóðsins eður reglugerð til staðfestingar og má sjóðurinn eigi taka til starfa fyrir en slík staðfesting er fengin.

Í lögum eður reglugerð sparisjóðs skulu meðal annars jafnan vera ákvæði um:

- a. hvernig stjórn sjóðsins skuli vera fyrir komið, hvernig hana skuli kjósa og hvernig starfrækslu sjóðsins skuli vera hagað;
- b. um móttöku sparisjóðsfjár og útborgun á því, vaxtagreiðslu af fje því, er sjóðurinn tekur til geymslu, lán úr sjóðnum, ágóða sjóðsins og varasjóð, endurskoðun og úrskurð á reikningum sjóðsins;
- c. hvernig lögum sjóðsins eða reglugerð geti orðið breytt svo að löglegt sje.

Sparisjóðir þeir, sem til eru þegar lög þessi öðlast gildi, skulu fyrir árslok 1914 sækja til stjórnarráðsins um staðfesting á lögum sínum eður reglugerðum. Að því er til slíkra sparisjóða kemur er stjórnarráðinu heimilt, ef þörf þykir, annaðhvort að veita undanþágu í einstökum greinum frá ákvæðum laga þessara, eða veita hæflega ríflegan frest til að kippa í lag því, sem á það brestur, að fyrirmælum laga þessara sje fullnægt.

3. gr.

Stofnendur sparisjóða eða ábyrgðarmenn, eður aðrir þeir, er kunna að hafa lagt fram fje til starfrækslu sparisjóða, hvort heldur er stofnfje, hlutafje eða ábyrgðarfje, mega ekki fá hærri arð eður vexti af sliku fje en 6 af hundraði á ári, nema því að eins að varasjóður sparisjóðsins sje að minnsta kosti 20% af sparisjóðsinnstæðufjenu.

4. gr.

Án sjerstakrar lagaheimildar eður leyfis stjórnarráðs mega engir aðrir en reglulegir sparisjóðir reka nein sparisjóðsstörf.

5. gr.

Allar viðskiftabækur við sparisjóði skulu innihalda ágríp af lögum þessum, eftir nánari ákvæðum stjórnarráðs, svo og einnig lög eða reglugerð sparisjóðsins.

6. gr.

Í stjórn hvers einstaks sparisjóðs mega eigi færri vera en 3 menn. Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og hefir umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Það skal jafnan nægilega kunngert hverjir sjeu stjórnendur sparisjóðs og starfsmenn, og hverjir þeirra geti undirskrifað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sje fyrir sjóðinn gagnvart viðskiftamönnum hans.

Stjórnendur bera allir fyrir einn og einn fyrir alla ábyrgð á því, að ekkert af fje sjóðsins fari forgörðum fyrir vitavert hirðuleysi.

Tapist eitthvað af fje sparisjóðs fyrir augljósa handvömm eður óráðvendni sparisjóðsstjórnar eður einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eður annara, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafist er, og sæti þeir auk þess hegning eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

7. gr.

Stjórnendur sparisjóða og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum, nema fulltrygt fasteignarveð eða handveð sje fyrir. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr sjóðnum fyrir aðra.

Enginn stjórnandi nje starfsmaður sparisjóðs má greiða atkvæði um lán handa sjálfum sjer úr sjóðnum.

8. gr.

Um stjórnarkosning skal farið eftir því, sem fyrir er mælt í lögum hvers sparisjóðs um sig. Þó hefir stjórnarráðið heimild til að setja nánari reglur um stjórnarkosningar, sjeu ákvæðin í lögum sparisjóðsins í þessu efni eigi nógu skýr eða fullnægjandi.

Allar stjórnarkosningar skal tafarlaust tilkynna umsjónarmanni sparisjóða.

9. gr.

Við hvern einstakan sparisjóð skulu jafnan vera að minnsta kosti 2 starfsmenn, fjehirðir og bókarir. Ef þeir hafa enga borgun fyrir starf sitt mega þeir jafnframt eiga sæti í stjórn sjóðsins.

Eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóði eða í hann nema 2 af starfsmönnum sjóðsins eður stjórnendum sjeu viðstaddir og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins, hvor um sig.

Fyrir öllum greiðslum í sjóðinn skal gefa kvittun, er undirrituð sje af báðum þessum mönnum.

10. gr.

Hafi fjehirðir sparisjóðs þóknun úr sjóðnum fyrir starf sitt, skal hann setja trygging fyrir þvi, sem honum er trúað fyrir sem sparisjóðsfjehirði. Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingarinnar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnarinnar og umsjónarmanns sparisjóða.

11. gr.

Af sparisjóðsinnstæðufje má aldrei borga út neina upphæð nema þvi að eins, að viðskiftabókin sje sýnd, og skal hin útborgaða upphæð þá jafnframt skráð í viðskiftabókina.

Innlögum má hinsvegar veita móttöku þó viðskiftabók sje eigi sýnd. Skal þá gefa sjerstaka kvittun fyrir innlögunum og þess getið á kvittuninni, að hún sje ekki gild lengur en þangað til að upphæðin verður rituð í viðskiftabók innstæðueiganda; en það skal gert næst þegar viðskiftabókin er sýnd í sparisjóðnum.

12. gr.

Sjerhver innstæðueigandi í sparisjóði skal hafa dálk í bókum sparisjóðsins og skal þar greinilega tilfærð hver sú upphæð, er hann leggur í sjóðinn eða tekur úr honum. Þar skulu einnig skráðir vextir af innstæðufjenu.

Sjerstaka bók eður bækur skal jafnan halda yfir öll lán úr sjóðnum og skal hvert lán hafa dálk út af fyrir sig, er sýni hver sje lántakandi, hver trygging sje fyrir láninu, hver upphæð þess sje og hvernig afborgun og vextir sjeu greiddir.

Nákvæma skrá skal einnig færa yfir allar eigur sparisjóðs, svo sem verðbrjef o. fl., sómuleiðis skrá yfir alla skuldunauta sjóðsins, er sýni skuldbindingar hvers einstaks gagnvart sjóðnum.

Hafi sparisjóður sjálfur tekið lán hjá öðrum, skal í bókum sjóðsins vera sjerstakur dálkur fyrir hverja slíka lántöku.

Heimilt er stjórnarráðinu að fyrirskipa nánari reglur um bókfærslu sparisjóða, eftir tillögum umsjónarmanns.

13. gr.

Aldrei má veita neitt lán úr sparisjóði nema þvi að eins, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar sje þvi samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðarinnar.

Eigi má samanlögð upphæð lána þeirra, er sparisjóður veitir eingöngu gegn sjálfskuldarábyrgð einstakra manna, nokkru sinni nema meiru en þriðjungu af sparisjóðsinnstæðufjenu öllu.

Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna má eigi veita nema í lengsta lagi til eins árs, og mega þau aldrei eldri verða en 10 ára áður innheimtu þeirra sje fullkomlega lokið.

Víxillán, sem eigi eru tryggð með veði, má sparisjóður þvi að eins veita,

að samanlögð upphæð víxlanna fari aldrei fram úr tíunda hluta af öllu sparisjóðsinnstæðufje sjóðsins.

Sparisjóðum þeim, er geyma 50000 kr. sparisjóðsinnstæðufje eður meira, er jafnan skylt annaðhvort að eiga, auk varasjóðs (sbr. 16. gr.), innistandandi í bönkum að minsta kosti 5% af innstæðufjenu samanlögðu, eins og það var í árslok næst á undan, eður að hafa í vörslum sínum rikisskuldabryjef, bankavaxtabryjef eður önnur jafntrygg verðbryjef, er auðvelt sje að koma í peninga, fyrir slíkri upphæð.

Hlutabryjef má sparisjóður eigi kaupa önnur en þau, er stjórnarráðið samþykkir, að fengnum tillögum umsjónarmanns sparisjóða.

Þegar verðbryjef eður hlutabryjef, er sparisjóður kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá bryjefin sem eign sparisjóðs.

Verðbryjefa eða hlutabryjefaförða sparisjóðs má því að eins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

14. gr.

Án samþykkis stjórnarráðsins mega sparisjóðir ekki taka lán til annars en þess að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóður lán taka nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóður skuldabryjef sín eður verðbryjef til tryggingar slíkum lánum, sem handveð, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan sjeu í vörslum sparisjóðs fullgild skilríki frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sparisjóðs einnig ljóslega bera með sjer, hvar bryjefin sjeu geymd og hver þau sjeu.

15. gr.

Eigi mega sparisjóðir gefa út handhafaávisanir á sjálfa sig.

16. gr.

Ársarð allan af rekstri hvers sparisjóðs, að kostnaði frádragnum, skal leggja í varasjóð.

Heimilt er þó að verja nokkru af ársarðinum til innlausnar á hlutafje eður til endurborgunar á greiddu ábyrgðarfje, ef eigur sparisjóðs nema meiru en 10% af sparisjóðsinnstæðufjenu.

Tjón, er sparisjóður kann að biða og ársarður sjóðsins brekkur eigi fyrir, skal greiða úr varasjóði, en eigi má annað þaðan greiða nema því að eins, að eignir hans nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufjenu samanlögðu. Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykkt eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar og umsjónarmanns sparisjóðanna, að verja megi fje úr sjóðnum til nýtsamra fyrirtækja í almenningsþarfir.

17. gr.

Af eignum varasjóðs hvers einstaks sparisjóðs skal jafnan vera svo mikið handbært í peningum, inniegn hjá bönkum eður í auðseldum tryggum verðbryjefum, að það nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsfjenu samanlögðu, eins og það var í árslok næst á undan.

18. gr.

Reikningsár sparisjóða skal vera frá nýjári til nýjárs. Ársreikningur hvers sparisjóðs skal vera fullsaminn fyrir marsmánaðarlok.

Stjórnarráðið semur form fyrir reikningum sparisjóða.

19. gr.

Við hvern sparisjóð skulu vera 2 endurskoðunarmenn, er rannsaki allar bækur og reikninga sparisjóðsins og gefi jafnan gætur að því, að alt sje í lagi og að ekkert vanti í eigur sjóðsins. Þeir hafa jafnframt eftirlit með því, að rekstur sparisjóðsins sje að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við reglugerð sparisjóðsins.

Finni endurskoðunarmenn eitthvað athugavert við reikningsfærslu eður starfrækslu sjóðsins, annast þeir um, að stjórn sparisjóðsins bæti tafarlaust úr því, sem ábótavant er. Ella sendi þeir umsjónarmanni sparisjóðanna skýrslu um misfellurnar.

Stjórnarráðinu er heimilt að setja nánari reglur um endurskoðun á reikningum og bókom sparisjóða.

20. gr.

Verði sparisjóður fyrir svo miklu tjóni, að varasjóður hans hrökkvi eigi fyrir því, og stjórn sparisjóðsins, ábyrgðarmenn eður aðrir þeir, sem að sjóðnum standa, leggja eigi fram eða útvega sjóðnum á einhvern hátt fje það, sem auðsætt þykir, að dómi umsjónarmanns sparisjóða, að vanta muni til þess, að sjóðurinn geti staðið í fullum skilum við innstæðueigendur, og setja eigi heldur trygging fyrir því, að slíkt fje skuli vera til taks þegar á þarf að halda, getur stjórnarráðið til bráðabirgða svift sparisjóðinn rjetti til að halda áfram störfum sínum. Skal slík ráðstöfun þegar gerð kunn í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar.

Skuldheimtumenn sparisjóðsins taka svo ákvörðun um það, hvort sjóðurinn skuli tekinn til gjaldþrotameðferðar eður eigi.

Jafnskjótt og stjórn sparisjóðs verður þess vör, að sparisjóður eigi muni fær um að fullnægja skuldbindingum sínum, skal hún tafarlaust tilkynna það umsjónarmanni sparisjóða og hann síðan stjórnarráðinu.

21. gr.

Ef að sparisjóður af einhverjum ástæðum leggst niður og eigi eru í lögum sjóðsins eða reglugerð ákvæði um það, hvernig fara skuli um eigur sjóðsins þær er afgangs eru skuldum, getur stjórnarráðið ákveðið, að fengnum tillögum þeirra manna, er síðast voru í stjórn hans, að alt að tveimur þriðjungum af eigum sjóðsins umfram skuldir skuli varið til einhverra ákveðinna nytsemdarfyrirtækja í hjerði því, er sjóðurinn var stofnaður í. Afgangurinn rennur í landssjóð.

22. gr.

Stjórnarráðið skipar umsjónarmann til að hafa eftirlit með öllum sparisjóðum og starfsemi þeirra. Nefnist hann umsjónarmaður sparisjóða. Árslaun hans eru 1200 krónur, og greiðast þau úr landssjóði. Í fjárlögunum skal veita hæfilega upphæð til ferðakostnaðar hans og dagpeninga á eftirlitsferðum. Dagpeningar teljast 5 kr. fyrir dag hvern, er hann er fjarverandi frá heimili sínu.

23. gr.

Umsjónarmaður sparísjóða hefur, undir yfirumsjón stjórnarráðsins, nákvæmt eftirlit með starfsemi allra sparísjóða á landinu og getur í því skyni krafist allra nauðsynlegra upplýsinga um rekstur sparísjóðanna, hag þeirra og alt fyrirkomulag. Samrit af ársreikningum allra sparísjóða skal senda honum jafnskjótt og reikningarnir eru samdir. Ennfremur athugasemdir endurskoðenda og svör reikningshaldara eður sparísjóðsstjórnar.

Umsjónarmaður semur og sendir stjórnarráðinu á ári hverju skýrslu um alla sparísjóði á landinu og starfsemi þeirra. Ágrip af skýrslu þessari skal birta almenningi á þann hátt, er stjórnarráðinu þykir best henta.

Heimilt er umsjónarmanni sparísjóða með samþykki stjórnarráðs í einstökum tilfellum að fela öðrum fyrir sína hönd og á sína ábyrgð að reka eftirlit það með sparísjóðum, sem honum er falið samkvæmt lögum þessum. Kostnað við þetta má greiða af ferðakostnaðarfjenu eftir nánari ákvörðun stjórnarráðs.

Stjórnendum sparísjóða og starfsmönnum er skylt að láta umsjónarmanni og umboðsmanni hans svo og stjórnarráðinu í tje skýrslur þær og upplýsingar um rekstur sparísjóða og hag þeirra, sem nauðsyn kann að þykja á að krefjast, og getur stjórnarráðið látið beita dagsektum, alt að 5 krónum á dag, ef óhlýðnast er.

Stjórnarráðið semur erindisbrjef handa umsjónarmanni sparísjóða.

Vanræki umsjónarmaður skyldur sínar getur stjórnarráðið vikið honum frá.

24. gr.

Sjerhverjum sparísjóði á landinu er skylt að greiða í landssjóð árgjald, er miða skal við innstæðufje hans við árslok næst á undan. Skal árgjald þetta nema 1 af þúsundi af sparísjóðsinnstæðufjenu og skal greitt fyrir júnimánaðarlok ár hvert.

25. gr.

Ef viðskiftabók, sem gefin er út fyrir sparísjóðsinnstæðufje, glatast á einhvern hátt, skal heimilt að innkalla með auglýsingu, sem prentuð sje þrisvar sinnum í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar á Íslandi, með 6 mánaða fresti hvern þann, sem í höndum kann að hafa viðskiftabókina, og ef enginn hefir sagt til sín áður en tjeður frestur er liðinn, má útborga þeim, sem viðskiftabókina hefir fengið, upphæðina, án þess nokkur annar, sem viðskiftabókin kann að vera afsöluð, þar fyrir geti búíð kröfu á hendur sparísjóði þeim, sem í hlut á.

26. gr.

Heimilt er að geyma um stundarsakir fje ómyndugra og opinberra stofnana í sparísjóðum þeim, sem fullnægja ákvæðum laga þessara.

27. gr.

Ákvæði laga þessara ná ekki til peningastofnana eða lánsstofnana þeirra, sem nú eru reknar samkvæmt sjerstökum lögum, svo sem t. d. Söfnunarsjóðs, Landsbankans, Íslandsbanka nje útbúa tjeðra banka.

28. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 500 krónum, nema þyngri hegning liggi við.

Sektir allar renna í landssjóð.

Með mál um brot á lögum þessum skal fara sem opinber lögglumál.

29. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1914.

30. gr.

Tilskipun 5. janúar 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi er hjer með úr lögum numin.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Stíðan sparisjóðir fyrst voru stofnaðir hjer á landi eru nú liðin full 40 ár, og hefir starfsemi þeirra stöðugt farið vaxandi á þessu tímabili. Sparisjóðsreksturinn hefir þó alt til þessa eigi verið háður neinu eftirliti af hálfu hins opinbera, að heita má.

Hjá öðrum þjóðum þykir ekki annað hlýða en að allstrangt opinbert eftirlit sje haft með öllum rekstri sparisjóða. Svo er almennt litið á, að þingi og stjórn sje skylt að hafa hönd í bagga, reisa skorður við því, að fje það, sem almenningur fær slíkum sjóðum til geymslu, fari forgörðum og tryggja það, að fjeð geti fengist útborgað, eftir settum reglum, þegar á þarf að halda. Eru í því efni ýms lagaákvæði skráð og ýmsar reglur settar eftir því, sem við eiga þykir hjá hverri þjóð fyrir sig.

Einu lagaákvæðin, sem hjer á landi eru í gildi og beint snerta sparisjóði eingöngu, er tilsk. 5. janúar 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði, en fyrirmæli tilskipunar þessarar eru sumpart úrelt og sumpart svo ónóg, að eigi má telja lengur viðunandi. — Fyrir því hefur stjórnarráðinu þótt nauðsyn bera til að fá leidd í lög nokkur ýtarlegri fyrirmæli um sparisjóðsrekstur hjer á landi, ekki síst þar sem farið þykir að brydda á því, að ekki muni allstaðar með öllu tryggt lengur fyrir sparisjóðsinnstæðueigendur að láta sparisjóði jafnlausa við opinbert eftirlit og verið hefir hingað til. — Eiga ákvæðin í framanrituðu lagafrumvarpi að miða að því fyrst og fremst að vernda sem mest rjett innstæðueigenda og tryggja það, að fje þeirra sje jafnan óhult. Hinsvegar hefir þó eigi þótt fært að fyrirskipa, að svo komnu, jafnstrangar reglur um sparisjóðsrekstur hjer á landi eins og víða eru í öðrum löndum, með því að landshættir hjer og viðskiftalíf er svo frábrugðið því, sem er hjá öðrum þjóðum.

Um nokkrar hinna einstöku greina lagafrumvarpsins skal tekið fram það, er hjer segir:

Um 2. gr.

Samkvæmt því, sem að framan er sagt, verður að telja það sjálfgefið, að stjórnarráðið hafi afskifti af og eftirlit með, að lög og reglugerðir, bæði þeirra sparisjóða, sem nú eru, og þá eigi síður sjóða þeirra, sem hjer eftir kunna að verða stofnaðir, sjeu í sem mestu samræmi við hin almennu lög um sparisjóði. Hinsvegar þykir rjett að tilgreina í lagafrumvarpi því, sem hjer liggur fyrir, nokkur af ákvæðum þeim, sem ekki má sleppa úr lögum eða reglugerðum hinna einstöku sparisjóða. Til þess að beita allri nærgætni við sparisjóði þá, sem nú eru stofnaðir, þykir rjett að veita þeim rífligan frest til að leita stjórnarráðsstaðfestingar á lögum þeirra eður reglugerðum. — Ennfremur mun mega telja bæði sanngjarnt og hættulaust að veita slíkum sjóðum, eftir því sem stjórnarráðinu virðist ástæða til, undanþágu í einstöku óverulegum atriðum frá ákvæðum laga þessara, en þó einkum nægilega rífan frest til þess, að laga það, sem ábótavant er, og koma, sparisjóðsrekstrinum í það horf, sem lögin áskilja. En á þessu munu nú talsverðar misfellur hjá ekki allfáum sparisjóðum.

Um 3. gr.

Það mun að visu enn sem komið er mjög sjaldan hafa átt sjer stað hjer á landi, að fje hafi verið lagt fram til reksturs sparisjóðs, á þann hátt sem um ræðir í þessari grein, en alt um það þykir rjett, ef svo skyldi koma fyrir, að reisa skorður við því, að ofmikill arður sje tekin af slíku fje af ágóða sparisjóðsins, fyr en varasjóður er orðinn svo öflugur, að telja megi sparisjóðnum vel borgið, hvað sem uppá kann að koma.

Um 4. gr. (sbr. 27. gr.)

Hjer er það haft fyrir augum, að sparisjóðsstörf eigi ekki að leyfa neinum öðrum að reka en reglulegum sparisjóðum og peningastofnunum þeim, sem ræðir um í 27. gr., nema um það sje fyrirskipað með sjerstökum lögum.

Um 6. gr.

Þó að hjer sje gert ráð fyrir, eins og líka virðist eðlilegast, að ráðnir sjeu aðrir starfsmenn en stjórnendur sparisjóðsins til að annast dagleg störf hans, er það gert heimilt, sbr. 9. gr., að sömu mennirnir sjeu bæði stjórnendur sjóðsins og hafi jafnframt á hendi alla framkvæmd á störfum hans, en þegar svo er ástatt, eins og oft mun eiga sjer stað hjá hinum smærri sparisjóðum þykir rjettast að áskilja, að hlutaðeigendur megi ekki taka borgun fyrir starf sitt, því það verður að vera meginregla, að sjálfir stjórnendur sparisjóðanna, sem þá oft eru stofnendur þeirra, taki ekki fje af sjóðnum.

Stjórnendur sparisjóða og aðrir þeir, sem riðnir eru við störf þau, er sjóðurinn rekur, verða að sjálfsögðu að bera ábyrgð á því, að ekkert af fje sjóðsins fari forgörðum fyrir óráðvendni eður vítavert hirðuleysi, og úr því sparisjóðurinn er komin undir opinbert eftirlit, þykir rjett að skoða starfsmenn sjóðanna sem starfsmenn hins opinbera, að því er snertir misfellur á starfrækslunni, sbr. þó 23. og 28. gr. laganna.

Um 7. gr.

Það virðist ástæða til að reisa sem öflugastar skorður við því, að þeir menn, sem viðriðnir eru sparisjóðinn sem stjórnendur eða starfsmenn, taki sjálfir lán úr sjóðnum, ábyrgist lán fyrir aðra, eður hafi önnur þau afskifti af lánum, er eigin hagsmunir koma til. — Þó þykir eigi næg ástæða til að banna, að slíkir menn taki lán í eigin þarfir úr sjóðnum ef óyggjandi veð er fyrir, að dómi annara þeirra manna, er sjóðnum stjórna.

Um 9. gr.

Til þess að girða fyrir, að nokkrar misfellur geti átt sjer stað að því er snertir fjárgreiðslu úr sparisjóði og í hann, þykir eigi tryggt annað en fyrirskipa, að jafnan skuli 2 menn fyrir hönd sjóðsins vera viðstaddir og skrá greiðsluna samtundis í bækur sínar. — Verður naumast sagt að slíkt ákvæði geti bakað sparisjóðum óþörf óþægindi.

Um 10. gr.

Þar sem fjehirðir sparisjóðs hefir engin laun fyrir starfa sinn, eins og stundum mun vera hjá smá sparisjóðum, þykir eigi rjett að heimta af honum veð fyrir fje því, sem hann kann að hafa með höndum og þá sjaldnast mun nema stórum upphæðum. Hjá stærri sparisjóðum, þar sem fjehirðir hefir laun fyrir starf sitt, virðist aftur á móti sjálfsagt að krefjast nokkurrar tryggingar af honum, er standi í hlutfalli við laun þau, er hann hefir og fje það, er hann hefir með höndum.

Um 11. gr.

Eins og til hagar hjer á landi gæti það verið all ísjárvert að leyfa sparisjóðum eður þeim, er fje eiga í sparisjóði, að nota t. d. ávísanir til þess að fá útborgað sparisjóðsfje, eins og oft tíðkast hjá bönkum að því er innlánsfje snertir. Fyrir því hefir þótt rjettast að setja í löginn föst ákvæði um það, að ekki megi útborga sparisjóðsinnstæðufje nema því að eins, að viðskiftabók sje sýnd og upphæðin um leið rituð í hana. Óþægindi þau, er af þessu ákvæði kann að leiða í einstöku tilfellum, eru minni en sú hætta, er öðru fyrirkomulagi getur verið samfara.

Þar á móti virðist ekki neitt verulegt geta verið því til fyrirstöðu að leyfa, að sparisjóður taki á móti innlögum á þann hátt, sem segir í þessari lagagrein. Það gæti valdið helst til miklum óþægindum, og orðið til að draga úr sparisjóðsinnlögum, ef senda þyrfti viðskiftabók í hvert sinn og eitthvað er lagt í sparisjóð.

Um 12. gr.

Bókfærsla sparisjóða mun enn sem komið er vera nokkuð mismunandi hjá hinum einstöku sparisjóðum hjer á landi, og mäske ekki allstaðar sem fullkomnust. Fyrir því þykir rjett að setja hjer nokkrar meginreglur í þessu efni, en heimila jafnframt stjórnarráðinu að fyrirskipa nánari reglur, er hjer að lúta.

Um 13. gr.

Viðast hvar hjá öðrum þjóðum eru allýtarleg ákvæði um það, að sparisjóðir megi ekki reka almenn bankastörf. — Slíkum störfum fylgir að jafnaði talsverð áhætta, en sparisjóðir eiga ekki og mega ekki hætta fje sínu að þarflausu. Innstæðufje sitt verða sjóðirnir því að ávaxta þannig, að bæði sje ætíð hægt til

þess að grípa, að minnsta kosti að nokkru leyti fyrirvaralaust, eða með sem stystum fyrirvara og að það sje jafnan sem allra best tryggt. — Að þessu miða ákvæði greinarinnar. Hjer á landi er ástandið enn þá svo sjerstaklegs eðlis að því er banka og sparisjóði snertir og yfir höfuð alt viðskiftalíf, að örðugt er að setja rígbundin takmörk fyrir starfsemi sparisjóða, og jafnvel þó að segja megi, að t. d. kaup og sala á víxlum og lán gegn sjálfskuldarábyrgð í stórum stíl liggi alveg fyrir utan starfsemi sparisjóða, hefir þó ekki þótt tiltök að setja sjóðunum fastari skorður í þessu efni, en hjer er gert. En skemra verður heldur eigi með neinu móti farið. Það má eigi láta það afskiftalaust, að sparisjóður eigi t. d. mestalt innstæðufje sitt útistandandi í sjálfskuldarábyrgðarlánnum, eins og komið hefir fyrir hjá einstöku sparisjóðum; slíkt getur ef til vill orðið allhættulegt.

Þó að hlutabryfakaup sjeu sumstaðar með öllu bönnuð sparisjóðum, nema þá með einstöku undantekningum, hefir hjer ekki þótt rjett að fyrirmana sparisjóðum með öllu að kaupa hlutabryf, sem að dómi stjórnarráðs eru óyggjandi trygg og sparisjóður kynni að sjá sjer hag í að eignast.

Um. 14. gr.

Að jafnaði er sparisjóðum með öllu bannað að taka lán t. d. til þess að auka útlánsstarfsemi sína. En vegna þess hvernig til hagar hjer á landi þykir eigi rjett að reisa strangari skorður við lántökum sparisjóða, en hjer er gert.

Um 15. gr.

Á því hefir brytt síðustu árin, að einstöku sparisjóðir hafa gripið til þess úrræðis, annaðhvort til þess að afla sjer aukins starfsjár eður til þess að fá frest með útborgun á innstæðufje, að gefa út handhafaávisanir á sjálfa sig fyrir ákveðinni upphæð, er greiðast skyldi við sýningu í sparisjóðnum, eða jafnvel svo og svo löngu eftir dagsetningu. Þessar ávisanir hafa svo á vissum svæðum gengið manna á milli eins og peningagreiðslur. Það þarf eigi orðum um það að eyða hve hættuleg þessi aðferð getur verið fyrir almenning. — Fyrir því hefir þótt nauðsynlegt að setja í lög þessi beint hann við því, að þessu megi halda áfram, jafnvel þó að álitamál geti verið, hvort slíkar ávisanir, sem hjer ræðir um, sjeu ekki í sjálfu sjer beint ofan í núgildandi lög.

Um 16. gr.

Með því að ábyrgð sú, sem sett er venjulega fyrir rekstri sparisjóða af stofnenda eða annara hálfu, er að öllum jafnaði tiltölulega mjög lítil, ef eitthvað verulega ber út af, getur eigi með neinu móti talist trygt hvað sem fyrir kann að koma, að sparisjóður eigi lægri varasjóð en svo, að hann nemi 10% af innstæðufje því, er almenningur á hjá sjóðnum. En þegar svo er komið, þykir hinsvegar rjett að gefa nokkuð lausari tauminn og leyfa sparisjóði frekari umráð yfir gróða sínum.

Um 17. gr.

Þó að vitanlega væri æskilegast að aldrei væri neitt af eigum varasjóða sparisjóðanna í útlánnum, hefir þó eigi þótt full ástæða til að setja frekari skorður í þessu efni, en hjer eru gerðar.

Um 18. gr.

Reikningsár allra sparisjóða á að sjálfsögðu að vera almanaksárið.

Eðilegast er að allir sparisjóðir noti sama form fyrir reikningum sínum, enda tíðkast það nú að nokkru leyti, svo og að stjórnarráðið skipi fyrir um hvernig reikningsformið skuli vera, til þess að sem mest samræmi sje í reikningunum.

Um 19. gr.

Hjer er aðeins að ræða um almenna tryggingarráðstöfun gegn því, að misfellur í sparisjóðsrekstri geti dulist til lengdar.

Um 20. gr.

Hjer er að nokkru leyti farið eftir erlendri venju. En vera má að hjer á landi þyki það fulllangt farið, að heimila stjórnarvöldum rjett til að svipta sparisjóð til bráðabirgða leyfi til að halda áfram störfum sínum. Svo kann þó að koma fyrir, hjer eins og annarsstaðar, að slíkar ráðstafanir, sem ræðir um í greininni, sjeu nauðsynlegar eður alveg óhjákvæmilegar, ef stór hætta á eigi að vera búin innstæðufje því, er sparisjóðurinn geymir. Og að sjálfsgöðu mun mega treysta því, að stjórnarráðið muni því að eins beita ákvæðum greinar þessarar, að brýna nauðsýn beri til.

Um 21. gr.

Að jafnaði mun ákveðið í lögum eða reglugerðum sparisjóða hvernig fara skuli um eigur sjóðsins, ef hann legst niður. En sje þetta eigi gert þykir sanngjarnt að skipa svo fyrir, að mestum hluta af eignum skuli varið til einhverra nytsemdarfyrirtækja í hjeraði því, er sjóðurinn hefir starfað í. Aftur á móti þykir full ástæða til, þegar svo ber undir, að láta nokkurn hluta af eignum sjóðsins renna í landssjóð til endurgjalds kostnaði þeim, er landssjóður hefir af rekstri sparisjóða (sbr. 22. gr.).

Um 22.—24. gr.

Hingað til hefir eigi verið um neitt opinbert eftirlit eður umsjón með sparisjóðum af hálfu hins opinbera að ræða, annað en það, að sparisjóðum, sem fengið hafa hlunnindi þau, sem ræðir um í tilsk 5. janúar 1874, hefir verið gert að skyldu að senda stjórnarráðinu (áður landshöfðingja) samrit af reikningum sjóðanna fylgiskjalalaust, og án allra nánari upplýsinga um hagi sparisjóðanna og rekstur þeirra.

Þegar nú á að leiða í lög sjerstök ákvæði um aukið allýtarlegt eftirlit með sparisjóðum, lægi mäske næst, fljótt á að líta, að fela stjórnarráðinu eftirlit þetta. En með því stjórnarráðið er allskonar störfum hlaðið, myndi nokkur hætta á, að slíkt eftirlit gæti eigi orðið að tilætluðum notum, í öllu falli eigi án þess að það hefði í för með sjer aukinn skrifstofukostnað fyrir landssjóð. Fyrir því er hjer stungið upp á því nýmæli að fela alla umsjón og eftirlit með sparisjóðum sjerstökum launuðum manni, undir yfirumsjón stjórnarráðs. Þessi maður yrði þá jafnframt einskonar ráðunautur stjórnarinnar í öllum þeim málefnum, er sparisjóðsrekstur snerta og til stjórnarinnar þurfa að koma.

Vegna hins sjerstaka ástands hjer á landi og kostnaðar við ferðalög, þykir rjett að heimila umsjónarmanni með samþykki stjórnarráðs, að veita öðrum manni í einstökum tilfellum umboð til að framkvæma sparisjóðseftirlit það, sem ræðir um í lögum þessum. Þetta skal gert á ábyrgð umsjónarmanns sjálfs. Ferðakostnaður, er sparast við þetta fyrirkomulag, ætti að nema talsvert meiru en þóknun sú, er verja má til eftirlits þessa.

Umsjónarmaður sparísjóða verður að hafa greiðan aðgang að öllum upplýsingum um rekstur sjóðanna. Fyrir því eru dagsektir viðlagðar.

Nánari reglur um störf umsjónarmanns verður að setja í erindsbrjef hans, sem sjálfsagt þykir að stjórnarráðið semji.

Árslaun umsjónarmanns sparísjóða eru ákveðin 1200 kr. með það fyrir augum, að hann geti haft önnur störf á hendi. Hjá því verður eigi komist að veita umsjónarmanni nokkurt fje til kostnaðar við eftirlitsferðir. Það er æskilegt, að eftirlitsmaður sem fyrst geti komið því við að ransaka bækur og skjöl allra sparísjóða, sem hann tekur við umsjóninni yfir; en ekki ætti kostnaðurinn við það að þurfa að fara fram úr 600 kr. á ári, þó dagpeningar sju taldir með.

Óhjákvæmilegt virðist, að árslaun umsjónarmanns og ferðakostnaður sje greiddur úr landssjóði.

Aftur á móti verður að telja rjett og sanngjart, að sparísjóðurinn greiði landssjóði nokkurt endurgjald fyrir kostnað þann, er landssjóður hefir af sparísjóðsrekstrinum, og fyrir eftirlit það og umsjón, er landssjóður lætur í tje, sparísjóðum til gagns, og miðar að því að efla traust manna í starfsemi þeirra, og hvetja menn til að trúa þeim fyrir fje því, er menn hafa aflögu en vilja geyma á tryggum stað, til þess að geta gripið til þess þegar á þarf að halda.

Það getur verið álitamál hve hátt árgjaldið frá sparísjóðum til landssjóðs eigi að vera, en þegar á að ákveða árgjaldið, er aðallega á það tvent að líta, að gjaldið standi í nokkru hlutfalli við kostnað þann, er landssjóður hefir af eftirliti með sparísjóðunum, og þá eigi síður hitt, að sjóðunum sje ekki ofþyngt með upphæð árgjaldsins, sem rjettast hefir þótt að miða við upphæð innstæðufjárins.

Það verður naumast sagt, að gengið sje nærri sparísjóðunum þó árgjaldið sje ákveðið 1⁰/₀₀ af innstæðufjenu, eins og það er í hver árslok. Gjald þetta mætti þá skoða sem mjög lítilfjörlega hækkun á innlánsvöxtum af sparísjóðsfjenu. Eftir síðustu skýrslu um sparísjóði, sem prentaðar eru í Landshagsskýrslum fyrir Ísland 1911, var innstæðufje allra sparísjóða á landinu, þegar bankar og Söfnunarsjóðir eru frátaldir, í árslok 1910: c. 1198 þúsund krónur, og árgjaldið yrði þá, miðað við þetta innstæðufje, eigi fullar 1200 krónur, eða tæplega árslaun umsjónarmanns eingöngu, og virðist þá nokkurnveginn hóflega farið í sakirnar.

Gjalddagi árgjaldsins er ákveðinn með það fyrir augum, að þá sju reikningar sjóðanna næsta ár á undan endurskoðaðir og úrskurðaðir.

Það þótti sjálfgefið að leggja árgjald þetta eingöngu á hina reglulegu sparísjóði, sem lög þessi ná að eins til (sbr. 27. gr.), en ekki t. d. á bankana eður útibú þeirra, þó þar sju rekin sparísjóðsstörf, með því að þessar stofnanir eru háðar opinberu eftirliti og greiða árlegt gjald til landssjóðs samkvæmt sjerstökum lögum, og heldur eigi til Söfnunarsjóðs, sem er alveg sjerstaklegs eðlis og einnig er háður opinberu eftirliti.

Um 25. og 26. gr.

Ef að lög þessi, sem hjer er um að ræða, koma til framkvæmda, virðist sjálfsagt, að tilskipun 5. janúar 1874 sje numin úr gildi. Fyrir því eru tekin í lög þessi þau ákvæði úr nefndri tilskipun, sem nokkra þýðingu hafa, eins og nú er komið.

